



# Logafold

safnaðarblað grafarvogssóknar

2. tbl. 27 árg. 2015



*Gleðileg jól*

## *Sr. Sigurður Grétar settur inn í embætti*

Sr. Sigurður Grétar Helgason var settur inn í embætti prests í Grafarvogskirkju 8. nóvember sl. Sr. Gísli Jónasson prófastur setti sr. Sigurð Grétar inn í embættið við hátíðlega athöfn. Í guðsþjónustunni þjónuðu einnig sr. Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og sr. Guðrún Karls Helgudóttir.

Sr. Sigurður lauk embættisprófi frá Háskóla Íslands 1996. Hann var skipaður prestur í Seltjarnarneskirkju 1998 til 2000 og í framhaldi af þeim tíma sem sóknarprestur til ársins 2012. Sr. Sigurður starfaði einnig sem prestur í norsku kirkjunni og í afleysingum innan Þjóðkirkjunnar. Síðasta vetur starfaði sr. Sigurður í afleysingum við Grafarvogskirkju og einnig í Breiðholtskirkju. Hann var skipaður prestur í Grafarvogskirkju frá 1. ágúst sl.

*Sr. Sigurður er boðinn velkominn til starfa.*



*Jóla kort Safnaðarfélags Grafarvogskirkju eru til sölu í kirkjunni og í Bókabúð Grafarvogs. Einnig er hægt að panta þau á netfanginu [bergtora.vals@gmail.com](mailto:bergtora.vals@gmail.com). Sala jóla kortanna er mikilvægur þáttur í fjármögnun fjölmargra verkefna félagsins.*

GLEÐILEGA  
HÁTÍÐ

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

# Aðventu og jólahugleiðing

**F**riður sé með yður! Þessi ávarpsorð Krists komu upp í huga minn þegar ég settist niður í þetta sinn til að skrifa hugleiðingu á aðventu og jólum.

Ekki þarf að greina frá því af hverju þessi orð koma upp í hugann nú, stuttu eftir voðaatburðina í París við upphaf aðventunnar og komu jólanna. Ávarpið notaði Kristur Jesús fyrst er hann hitti lærisveina sína eftir sjálfa upprisuna. Í boðskap sínum lagði Kristur ávallt mikla áherslu á að friður væri til staðar í lífinu.

Páll postuli ávarpaði einn af söfnuðum sínum með eftirfarandi orðum: „Verið fullkomnir, áminnið hver annan, verið samhuga, verið friðsamir. Þá mun Guð kærleikans og friðarins vera með yður.“

Mörgum öldum áður sagði Jesaja spámaður: „Hann mun skera úr málum margra þjóða og þær munu smíða plógjárn úr sverðum sínum og sníðla úr spjótum sínum. Engin þjóð skal reiða sverð að annari þjóð og ekki skulu þær temja sér hernað framar.“

Síðar barst okkur fyrsta jólakveðjan, á stundum nefnd fyrsta jólakortið. Kveðjan er segir: „Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu með mönnum.“

Allt frá því að kirkjan varð til á hinum fyrsta hvítasunnudegi, er heilagur andi kom yfir lærisveinana, hefur kirkjan lagt áherslu á að boða frið á jörðu.

Sá sem við bjóðum velkominn á aðventu er einmitt nefndur *Friðarhöfðingi*. Friður sem hann boðar og sem kirkjan vill flytja

áfram nær til einstaklinga og þjóða. Til þess að friðurinn verði virkur í lífi og tilveru þarf sáttargjörðin að koma til sem fyrirgefningin. „Fyrirgefnið og yður mun fyrirgefnið verða.“

Í hinna helgu bók er fjallað um sáttargjörðina. Þar segir: „Ef þú ert að bera gáfu þína fram á altarið og þú minnst þess þar að bróðir þinn hefur eitthvað á móti þér, þá skil gáfu þína þar eftir fyrir framan altarið og far burt, sæstu við bróður þinn og kom síðan og ber fram gáfu þína. Vertu skjótur til satta við mótstöðumann þinn meðan þú ert enn á veginum með honum.“

Kristur setti síðan fram aðalkröfu sína sem mönnum á hans tíma leist reyndar ekkert á. Hann sagði: „Elskið óvini yðar og biðjið fyrir þeim er ofsækja yður.“

Þetta er mikil krafa og ströng. Hún er mjög svo mikilvæg. Ef til vill aldrei eins mikilvæg eins og nú í friðlausum heimi. Alþingi okkar Íslendinga orðaði það svo er það fjallaði um hryðjuverkin í París: „Við verðum að reka illt út með góðu. Kærleikurinn er ávallt mikilvægasta vopnið.“

Það er góð niðurstaða í landi þar sem yfir 90% þjóðarinnar tilheyrir kristnum trúfélögum en kristin trú kennir fyrst og síðast að kærleikurinn sé mikilvægasta afl heimsins. Góð niðurstaða hjá þjóð sem virðir trúfrelsi og á að bera virðingu fyrir öllum trúarbrögðum sem virða heill og hamingju fólksins.

Efst á blaði í boðskap hinnar kristnu kirkju í heiminum, sem nú á aðventu og jólum fagnar komu *Friðarhöfðingjans*, er að



Séra Vigfús Þór Árnason

kærleikurinn komist að í lífi einstaklinga og þjóða.

Við viljum að friður hans fái að móta allt okkar líf og að kveðja hans: „Friður sé með yður“ verði að raunveruleika í lífi okkar allra.

*Friðarhöfðinginn* bauð okkur að elska hver annan: „Þér skuluð elska hver annan á sama hátt og ég hefi elskað yður.“

„Guð er kærleikur“ (1. Jn. 4,8). Okkar er að breiða út þennan kærleika og segja fram og meina það: „Friður sé með yður.“

*Megi friður aðventuhátíðar og jóla vera með okkur öllum*

## Jólabókin í ár

Grafarvogssókn 25 ára  
Til sölu í Bókabúð Grafarvogs





## JólaVox

Miðvikudagskvöldið 16. desember ætlum við að eiga notalega kvöldstund í kirkjunni okkar, syngja jólalög og bjóða upp á heitt súkkulaði og smákökur eftir sönginn.

Tónleikarnir hefjast kl 20.00 og verða miðar seldir við innganginn á 2000 kr. Frítt fyrir 12 ára og yngri.

Kórinn er þekktur fyrir léttu og öðruvísi tónlist. Við munum meðal annars syngja útsetningar eftir Michael McGlynn, sem stjórnar írsku sönghópnum Anúna, og Pentatonix sem er a cappella *sönghópur sem tekur vinsæl lög og syngur þau án undirleiks*. Hilmar Örn Agnarsson stjórnar herlegheitunum og frábær hljómsveit spilar

undir ásamt því að beatboxari verður með okkur í tveimur lögum.

*Komið kæru vinir og eigið notalega og gefandi stund með okkur!*

## Framundan hjá Vox Populi

Vox Populi er samheldinn kór, þar sem vináttan og sönggleðin eru í fyrirrúmi. Kórinn hefur það að markmiði að syngja skemmtilega og gefandi tónlist, taka þátt í fjölbreyttum og ólíkum verkefnum, allt frá því að syngja gospelsálma yfir í Passíusálma Hallgríms Péturssonar og allt þar á milli, s.s. jazz, rokk, gospel, popp og kirkjutónlist.

Í sumar fórum við til Írlands og erum reynslunni ríkari eftir þá ferð. Við sungum út um allt, úti á götu, í rútu, í fallegum almenningsgarði, í kirkjum og á pöbbum. Þetta var frábær ferð og hefur hún styrkt okkur enn betur sem eina heild.

Á næstunni munum við syngja á 70 ára afmælis- og styrktartónleikum Hollvínasamtaka Reykjalundar, sem verða haldnir þriðjudaginn 24. nóvember kl. 20.00 í Grafarvogskirkju. Það er alltaf gaman að koma fram á styrktartónleikum og reynum við eftir fremsta megni að taka þátt í öllum

þeim styrktartónleikum sem við erum beðin um. Auk okkar kemur fram fjöldinn allur af frábærum listamönnum. Hægt er að kaupa miða á [midi.is](http://midi.is).

Við verðum einnig sérstakir gestir á írsk og keltneskum aðventutónleikum Söngfjeldsins sunnudaginn 6. desember í Langholtskirkju. Fyrri tónleikarnir verða kl.16.00 og þeir seinni kl 20.00 Miðar eru seldir á [tix.is](http://tix.is).

Sjáumst svo í *selmessum* í Kirkjuselinu alla sunnudaga fram að jólum.



## **Aðventuhátíð í Grafarvogskirkju**

*Fyrsta sunnudag í aðventu kl. 20.00*

**Ólöf Nordal innanríkisráðherra**  
flytur hugvekj

**Fermingarbörn flytja helgileik**

**Kór Grafarvogskirkju, Vox Populi og Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju**

**Stjórnendur**  
Hákon Leifsson, Hilmar Örn Agnarsson og Margrét Pálmadóttir

**Einleikur á fiðlu**  
Guðrún Gígja Aradóttir

Prestar safnaðarins flytja aðventubæn

*Allir velkomnir*

## **Jólatónleikar í Grafarvogskirkju**

*Laugardaginn 5. desember kl. 17.00*

**Komu jólanna fagnað**  
Jólaögin sungin

**Kór Grafarvogskirkju og  
Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju**

**Stjórnendur**  
Hákon Leifsson  
Margrét Pálmadóttir



# Safnaðarfélag Grafarvogskirkju 25 ára afmælisfagnaður

Safnaðarfélag Grafarvogskirkju hélt upp á 25 ára afmælið 26. október sl. Um eitt hundrað gestir mættu í Grafarvogskirkju á mánuðagskvöldi til að fagna tímamótunum. Kór Grafarvogskirkju gladdi gesti með yndislegum lögum sem þau sungu undir stjórn Hákonar Leifssonar en Hilmar Örn Agnarsson lék undir á píanó. Unnur Halldórsdóttir flutti kvæðabálk sem hún samdi í tilefni afmælisins og vakti hann mikla kátínu meðal gesta. Kristín Viktorsdóttir flutti skemmtilegt ávarp og deildi með gestum minningarbrotum frá fermingarundirbúningi

í Grafarvogskirkju fyrir 25 árum. Ragnar Jónasson, sem einnig á 25 ára fermingarafmæli á þessu ári, leyfði okkur að skyggjast inn í dagbókarbrot sín frá fermingarárinu og deildi með okkur skemmtilegum minningum frá þeim tíma. Sigríður Thorlacius söng þar næst nokkur lög eins og henni einni er lagið og Guðmundur Óskar Guðmundsson lék á bassa. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, formaður Sónarnefndar Grafarvogskirkju, færði stjórn Safnaðarfélagsins rósir í tilefni afmælisins og sr. Vigfús Þór flutti stutt ávarp. Vox Populi slógu

svo botninn í dagskrá kvöldsins. Þau fluttu þrjú yndisleg lög undir stjórn og undirleik Hilmars Arnar Agnarssonar. Páll Guðmundsson frá Húsafelli lék með á stórkostlega panflautu úr rabarbarastönglum og hvönn. Stjórn Safnaðarfélagsins er þakklát öllu því listafólki sem lagði sitt af mörkum til ógleymanlegrar kvöldstundar og yndislegrar samveru. Veitingar úr smiðju safnaðarfélagskvænna runnu mjög ljúflega niður með góðum kaffisopa og spjalli í góðra vina hópi.

Aldarfjórðungs afmæli er ástæða að fagna, já, auðvitað er tilefni gleðina að magna. Halda góða veislu og horfa ögn til baka, því hér af góðum minningum nóg er hægt að taka.

Sóknarstarf menn upphófu „áttatíu og níu,“ alsælir með prestshjónin, góðlegu og hlýju. Í Foldaskóla messurnar sóknarbörnin sóttu, og sannarlega stundirnar gleðilegar þóttu. Á æðri mátt í Fjörgyn flestir hlutu að trúna, er á fullu diskókúlunni tókst honum að snúa.

Það var mikið umstang, ótal stólum raðað, þó auðvitað sú líkamsrækt engan hafi skaðað. Presturinn fékk skrifstofu í skoti þarna innar, til skúringa þar græjunar hjá honum mátti finna.

Já, sóknarstarfið vildu menn styðja hér og styrkja, og stofnuðu því félag, svo fleiri mætti virkja. Þau undirbjuggu jarðvegin, vönduðu til verka, vildu byggja upp liðsheild, öfluga og sterka. Starfið skyldi sniðið bæði að kórlum, já og konum. Það var klókt og skilaði árangri að vonum.

Í Hamraskóla aðstöðu til fundahalds þau fengu, og félagarnir að dagskránni liflegri þar gengu. Þeir lærðu að elda grænmeti og grilla finar steikur, og garðyrkjan eftir námskeiðið varð eins og léttur leikur. Af sálfræðingum og læknum sitthvað líka lærðu, já, líkama og sál þar á fræðslukvöldum nærðu.

Sóknarstarfið vildu þau af öllum mætti efla, enda var um farsæld Grafarvogs að tefla. Til fermingar þau kyrtlana keyptu þá um vorið og kringum þessar hátíðir ei sparað hafa sporin. Börnin sem til fermingar feimin þarna ganga, í finpressuðum kyrtlunum stolt og ánægð spranga.

Þáskaeggjapingóið góða lukku gerði, þau gættu þess að spjöldin væru seld á lágu verði. Spennan var þá ógurleg, allir vildu vinna, og Valgerður var lunkin réttan takt að finna.

Að afla fjár til byggingar var ögrandi og gaman, og árangurinn var góður, því allir stóðu saman. Með glæsilegum jólakortum fengu fé í sjóðinn, og furðulega drjúgur var merkjasölugróðinn.

Að staðsetningu kirkjunnar menn hlutu þó að hyggja því hún mátti sko alls ekki á sólargeisla skyggja. Hjá andstæðingum sjötíu minnkaði brátt bræðin, því blessaður sr. Vigfús kunni sáttafræðin.

Inn á neðri hæðina ánægðir menn gengu og aðstöðu til messuhalds í eigin húsi fengu. Meðlimir í félaginu flinkir voru að baka, og fjármögnuðu með kaffisölu nýja kertastjaka.

Innréttingar í eldhúsi þeir útveguðu líka, en uppþvottavél fékkst ekki, það þurfti enga slíka. Konurnar þann veturinn vitanlega stóðu og vöskuðu upp í akkorði, oft í gufumóðu. Uns formaðurinn Valgerður kórlunum það kynnti að í kaffiboði aldara þessu hér með linnti.

Þær skyldu nú uppvarpa og ábyrgjast hér salinn, en til uppþvottanna yrði nú karlpeningur valinn. Þeir brostu bara og sögðust það glaðir myndu græja, en Guð veit að um kvöldið þeir hættir voru að hlæja. Já, daginn eftir fékk hún fjárveitingu góða og fór að hitta kaupmenn sem uppþvottavélar bjóða.

Þó fjáröflun til kirkjustarfsins félag þetta sinnti, fræðslustarfi og samveru hvergi nærri linnti. Í vorferðirnar skemmtilegar fjölmenna menn fúsir, þó fráleitt sé þá ölinu hellt í þeirra krúsir.

Rútur tvær til Keflavíkur fljótlegt var að fylla, að fara inn á vallarsvæðið sýndist ekki spilla. Í fylgd með skreyttum offiserum glaðir allir gengu, og góðgerðir í Top of the Rock klúbbnum síðan fengu.

Á Bessastöðum húsbóndinn heilsaði öllum kátur, í höfðingsskap er Ólafur Ragnar einiskis eftirbátur. Af fróðleik og af kræsingum hann fyllti þarna liðið, svo framhaldið um Álftanes af dagskránni var sniðið.

Loks um aldamótin var stundin stóra upp runnin, þá stóð til vígsla kirkjunnar, þá var björninn unninn. Í veggina var steinum meðal sóknarbarna safnað og söngfólkið við æfingar vaxið hafði og dafnað. Altarisklæði og hókla þar ekki mátti vanta og auðvitað sá félagið um að borga þau og panta. Hjá Sigrúnu í Kirkjumunum naumast var þá næðið. Með nostri setti hún miðnætursólina í klæðið.

Vígslugestir fjölmargir fengu nóg í svanginn, við fimmtán þúsund munnbita var nefndin ekki bangin. Þótt jarðskjálftinn á sautjándanum setti margt úr skorðum, var safnaðarfélagið tilbúið með kræsingar á borðum.

Í aldarfjórðung margt hefur á dagana hér drifið og dásamlegur friður yfir vötnunum þó svifið. Samstaða og eindrægni alltaf ræður ríkjum. Já, eiginlega við himnaríki við félaginu líkjum.

Öflugt fólk í stjórninni alltaf hefur setið og Elín, okkar prestsfrú, á þó stærsta metið. Hún hefur frá upphafi verið styrkust stoðin til starfs og ritun fundargerða búin jafnt og boðin. Það er ekki sjálfgefið og því er vert að þakka þetta góða samstarf, til áframhalds má hlakka. Á afmælinu er félagið í afar góðum málum. Ef til vill í messuvíni við fyrir þessu skálum.

Unnur Halldórsdóttir



## Arion hraðþjónusta í Höfðaútbúi

Nú eru hraðbankar Arion banka við Höfðaútbú aðgengilegir kl. 7-20 mán.-lau. og 8-20 á sun.

Þar er hægt að leggja inn seðla, taka út allt að 300.000 kr., millifæra, greiða reikninga, fylla á GSM Frelsi og skoða stöðuna á reikningum.

 Arion banki



# Guðsþjónustur á aðventu, jólum og um áramót 2015-2016

## 29. nóvember, 1. sunnudagur í aðventu Barna- og fjölskylduguðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason  
Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir  
Undirleikari: Stefán Birkisson

## Kirkjuselið í Spöng Aðventuguðsþjónusta með léttu sniði kl. 13.00

Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir  
Vox Populi syngur  
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson  
Nemendur úr Tónskóla Hörpunnar

## Sunnudagaskóli á sama tíma

Umsjón: Rósa Ingibjörg Tómasdóttir  
Undirleikari: Stefán Birkisson

## Aðventuhátíð í Grafarvogskirkju kl. 20.00

Ræðumaður: Ólöf Nordal innanríkisráðherra  
Fermingarbörn flytja helgileik  
Kór Grafarvogskirkju, Vox populi og Stúlknakór Reykjavíkur  
í Grafarvogskirkju syngja  
Stjórnendur: Hákon Leifsson, Hilmar Örn Agnarsson og Margrét Pálmadóttir  
Einleikur á fiðlu: Guðrún Gígja Aradóttir  
Prestar safnaðarins flytja aðventubæn

## 5. desember, laugardagur

### Jólatónleikar í Grafarvogskirkju kl. 17.00 Komu jólanna fagnað

Kór Grafarvogskirkju og Stúlknakór Reykjavíkur  
í Grafarvogskirkju syngja jólalög  
Stjórnendur: Hákon Leifsson og Margrét Pálmadóttir

## 6. desember, 2. sunnudagur í aðventu Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Prestur: séra Vigfús Þór Árnason  
Kór Grafarvogskirkju syngur  
Organisti: Hákon Leifsson  
Nemendur úr Tónskóla Hörpunnar

## Sunnudagaskóli kl. 11.00

Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir  
Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir  
Undirleikari: Stefán Birkisson

## Kirkjuselið í Spöng

Guðsþjónusta kl. 13.00  
Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir  
Vox Populi syngur  
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson  
Nemendur úr Tónlistarskóla Grafarvogs

## Sunnudagaskóli á sama tíma

Umsjón: Rósa Ingibjörg Tómasdóttir  
Undirleikari: Stefán Birkisson

## 7. desember, mánudagur

### Jólafundur Safnaðarfélagssins kl. 20.00

Sjá auglýsingu í blaðinu

## 13. desember, 3. sunnudagur í aðventu Barna- og fjölskylduguðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Jólaball - Jólaveinar koma í heimsókn  
Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir  
Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir  
Undirleikari: Stefán Birkisson  
Nemendur úr Tónlistarskóla Grafarvogs

## Kirkjuselið í Spöng

### Guðsþjónusta kl. 13.00

Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason  
Vox Populi syngur  
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson  
Nemendur úr Tónskóla Hörpunnar

## Aðventuguðsþjónusta á Hjúkrunarheimilinu Eir kl. 15.30

Porvaldur Halldórsson leikur aðventu- og jólalög frá kl. 15.00  
Prestur: séra Vigfús Þór Árnason

## 16. desember, miðvikudagur kl. 20.00

### Jóla Vox

Sjá auglýsingu í blaðinu

## 20. desember, 4. sunnudagur í aðventu

### Útvarpsguðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 11.00 - Jólásálmamessa

Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir  
Kór Grafarvogskirkju og Vox Populi syngja  
Organistar og stjórnendur: Hákon Leifsson og Hilmar Örn Agnarsson  
Fiðlusveit úr Tónlistarskóla Grafarvogs  
Stjórnandi: Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari

## Sunnudagaskóli kl. 11.00

Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason  
Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir  
Undirleikari: Stefán Birkisson

## Kirkjuselið í Spöng

### Guðsþjónusta kl. 13.00 - Óskasálmur jólanna

Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir  
Vox Populi syngur  
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson  
Nemendur úr Tónskóla Hörpunnar

## 24. desember, aðfangadagur jóla

### Beðið eftir jólnum

### Barnastund í Grafarvogskirkju kl. 15.00

Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir  
Jólásögur og jólasöngvar

## Aftansöngur í Grafarvogskirkju kl. 18.00

Tónlistarflutningur frá kl. 17:30  
Prestur: séra Vigfús Þór Árnason  
Kór Grafarvogskirkju og Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju syngja  
Einsöngur: Egill Ólafsson  
Fiðla: Gréta Salóme Stefánsdóttir  
Trompet: Baldvín Oddsson  
Organisti: Hákon Leifsson  
Kórstjóri stúlknakórs: Margrét Pálmadóttir  
Aftansöngnum verður sjónvarpað beint á Stöð 2 í opinni dagskrá og á visir.is og útvarpað á Bylgjunni

## Aftansöngur í Kirkjuselinu í Spöng kl. 18.00

Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir  
Vox populi syngur  
Einsöngur: Margrét Eir  
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

## Miðnæturguðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 23.30

Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason  
Félagar úr Kammerkór kirkjunnar syngja  
Organisti: Hákon Leifsson

## 25. desember, jóladagur

### Hátíðarguðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 14.00

Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir  
Kór Grafarvogskirkju syngur  
Einsöngur: Lilja Guðmundsdóttir  
Organisti: Hákon Leifsson

## Hátíðarguðsþjónusta á Hjúkrunarheimilinu Eir kl. 15.30

Prestur: séra Vigfús Þór Árnason  
Kór Grafarvogskirkju syngur  
Einsöngur: Lilja Guðmundsdóttir  
Organisti: Hákon Leifsson

## 26. desember, annar í jólum

### Jóla- og skírnarstund í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason  
Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju syngur  
Stjórnandi: Margrét Pálmadóttir  
Organisti: Hákon Leifsson





### 27. desember

#### **Kyrrðar- og íhugunarstund á jólum í Grafarvogskirkju kl. 11.00**

Prestur: Arna Ýrr Sigurðardóttir  
Kveikt verður á kertum og spiluð ljúf tónlist

#### **Vængjamessa í Guðríðarkirkju kl. 20.00**

#### **Messa á samstarfssvæði, með Árbæjar- og Grafarholtssöfnuði**

Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir  
Söngur: Ásbjörg Jónsdóttir  
Undirleikari: Ástvaldur Traustason  
Ræðumenn frá AA og ALAnon

### 31. desember, gamlársdagur

#### **Aftansöngur í Grafarvogskirkju kl. 18.00**

Prestur: séra Vigfús Þór Árnason  
Kór Grafarvogskirkju syngur  
Einsöngur: Sigrún Hjálmtýsdóttir „Diddú“  
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

### 1. janúar 2016, nýársdagur

#### **Hátíðarguðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 14.00**

Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir  
Kór Grafarvogskirkju syngur  
Einsöngur: Björg Þórhallsdóttir  
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

### 3. janúar

#### **Jazz messa í Grafarvogskirkju kl. 11.00**

Prestur: dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson  
Kvartet Björns Thoroddsen leikur

### 10. janúar

#### **Frímúrararamessa í Grafarvogskirkju kl. 11.00**

Prestur: séra Vigfús Þór Árnason  
Prédikun: Jóhann Heiðar Jóhannsson læknir  
Selló: Örnólfur Kristjánsson  
Frímúrarakórinn syngur  
Stjórnendur og organistar: Hákon Leifsson og Jónas Þórir  
Allir velkomnir

#### **Sunnudagaskóli kl. 11.00**

Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir  
Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir  
Undirleikari: Stefán Birkisson

#### **Kirkjuselið í Spöng**

#### **Guðsþjónusta kl. 13.00**

Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir  
Vox Populi syngur  
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

#### **Sunnudagaskóli á sama tíma**

Umsjón: Rósa Ingibjörg Tómasdóttir  
Undirleikari: Stefán Birkisson

### 17. janúar

#### **Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 11.00**

Fundur með fermingarbörnum úr Foldaskóla og foreldrum þeirra  
Prestar: séra Vigfús Þór Árnason og séra Arna Ýrr Sigurðardóttir  
Kór Grafarvogskirkju syngur  
Organisti: Hákon Leifsson

#### **Sunnudagaskóli kl. 11.00**

Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason  
Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir  
Undirleikari: Stefán Birkisson

#### **Kirkjuselið í Spöng**

#### **Guðsþjónusta kl. 13.00**

Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason  
Vox Populi syngur  
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

#### **Sunnudagaskóli á sama tíma**

Umsjón: Rósa Ingibjörg Tómasdóttir  
Undirleikari: Stefán Birkisson

### 24. janúar

#### **Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 11.00**

Fundur með fermingarbörnum úr Rimaskóla og foreldrum þeirra  
Prestar: séra Vigfús Þór Árnason og séra Guðrún Karls Helgudóttir  
Kór Grafarvogskirkju syngur  
Organisti: Hákon Leifsson

#### **Sunnudagaskóli kl. 11.00**

Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason  
Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir  
Undirleikari: Stefán Birkisson

#### **Kirkjuselið í Spöng**

#### **Guðsþjónusta kl. 13.00**

Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir  
Vox Populi syngur  
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

#### **Sunnudagaskóli á sama tíma**

Umsjón: Rósa Ingibjörg Tómasdóttir  
Undirleikari: Stefán Birkisson

### 31. janúar

#### **Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 11.00**

Fundur með fermingarbörnum úr Vættaskóla og Kelduskóla og foreldrum þeirra  
Prestar: séra Vigfús Þór Árnason og séra Sigurður Grétar Helgason  
Kór Grafarvogskirkju syngur  
Organisti: Hákon Leifsson

#### **Sunnudagaskóli kl. 11.00**

Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir  
Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir  
Undirleikari: Stefán Birkisson

#### **Kirkjuselið í Spöng**

#### **Guðsþjónusta kl. 13.00**

Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir  
Vox Populi syngur  
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

#### **Sunnudagaskóli á sama tíma**

Umsjón: Rósa Ingibjörg Tómasdóttir  
Undirleikari: Stefán Birkisson

#### **Fermingarfræðslan hefst á ný mánudaginn 4. janúar samkvæmt stundaskrá**

#### **Prestar:**

Séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur  
Séra Guðrún Karls Helgudóttir  
Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir  
Séra Sigurður Grétar Helgason

#### **Organisti og kórstjóri: Hákon Leifsson**

#### **Organisti og kórstjóri í Kirkjuselinu í Spöng: Hilmar Örn Agnarsson**

#### **Undirleikari sunnudagaskólans: Stefán Birkisson**

#### **Kórstjóri Stúlknakórs Reykjavíkur í Grafarvogskirkju:**

Margrét Pálmadóttir

#### **Kirkjuverðir: Þórkatla Pétursdóttir og Herdis Rut Guðbrandsdóttir**

#### **Kirkjuvörður í Kirkjuseli: Erla Karlsdóttir**

#### **Ritari: Erna Reynisdóttir**

#### **Æskulýðsfulltrúi: Þóra Björg Sigurðardóttir**

## Jólafundur Safnaðarfélags Grafarvogskirkju

Mánudaginn 7. desember kl. 20.00

Að venju hefjum við fundinn með ritningarlestri og bæn

**Fiðlusveit úr Tónlistarskóla Grafarvogs flytur jólalög**

Stjórnandi: Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari

**Lesið verður úr valinkunnum jólabókum ársins**

**Mæðgurnar Sigríður Kolbeins og Berglind Gunnarsdóttir**  
útbúa gómsæt marsipanbrauð á jólaborðið og bjóða gestum að smakka

**Jólalegar veitingar; smákökur og heitt súkkulaði með rjóma**

Við hlökkum til að sjá ykkur sem allra flest og hvetjum ykkur til að taka með gesti og eiga notalega stund með okkur í Grafarvogskirkju

*Stjórn Safnaðarfélagsins*

## Hundadagar að hausti

Tónleikar KarlaKórs Grafarvogs  
í Grafarvogskirkju sunnudaginn 6. desember 2015 kl. 17



Grafarvogsskáldið Einar Már Guðmundsson les úr nýrri bók sinni "Hundadagar". Kórinn tekur undir með Einari og syngur lög úr söngleiknum "Þið munið hann Jörund".

Stjórnandi: Íris Erlingsdóttir

Píanó: Glódís Margrét Guðmundsdóttir

Miðaverð er kr. 3000,-.

Eldri borgarar fá 50% afslátt af miðaverði við innganginn.

MINNUM Á VORTÓNLEIKA KARLAKÓRS GRAFARVOGS 30. APRÍL 2016.

### Nýir söngmenn velkomnir!

Við hefjum kórstarfið á vorönn mánudaginn 11. janúar. Æfingar eru á mánudagskvöldum í Grafarvogskirkju kl. 20:00. Nánari upplýsingar gefur Íris Erlingsdóttir kórstjóri, irise@simnet.is




## Kyrrðarstundir í Grafarvogskirkju

Alla miðvikudaga kl.12.00

**Altarisganga, sálmasöngur og bænir**

Að lokinni stundinni er boðið upp á léttan hádegisverð

*Allir velkomnir*



### 6 - 9 ára starf á tveimur stöðum í Grafarvogi

Boðið verður upp á 6 - 9 ára starf á tveimur stöðum:

í Grafarvogskirkju  
alla fimmtudaga kl. 15.45-16.45

í Kirkjuselinu  
alla fimmtudaga kl. 17.00 - 18.00

**Starfið hefst 14. janúar 2016**

Ekkert þátttökugjald - Allir velkomnir  
Nánari upplýsingar á: grafarvogskirkja.is

## Dagur Orðsins í Grafarvogskirkju

Þann 15. nóvember sl. var *Dagur Orðsins* haldinn hátíðlegur í Grafarvogskirkju. Í þetta sinn var hann tileinkaður ljóðskáldinu Vilborgu Dagbjartsdóttur.

Þetta var í tíunda skiptið sem við hér í Grafarvogskirkju héldum daginn hátíðlegan en hann hefur verið tileinkaður skáldum og prestum.

Dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur haustið 2006 og var hann þá tileinkaður séra Sigurbirni Einarssyni biskupi. Frá þeim tíma hefur dagurinn verið tileinkaður séra Auði Eir Vilhjálmsdóttur, fyrsta íslenska kvenprestinum, séra Friðriki Friðrikssyni æskulýðsleiðtoga, séra Bjarna Þorsteinssyni tónskáldi, séra Matthíasi Jochumssyni, þjóðskáldinu okkar, Matthíasi Johannessen, ritstjóra og skáldi, Elísabetu Kristínu Jökulsdóttur ljóðskáldi, séra Jóni Steingrímssyni eldprestinum, séra Hallgrími Péturssyni á 400 ára árstíð hans í fyrra og í þetta sinn var dagurinn tileinkaður ljóðskáldinu Vilborgu Dagbjartsdóttur eins og áður segir.

Í Morgunblaðinu þann 12. nóvember sl. var fjallað um nýútkomið ljóðasafn Vilborgar með yfirskriftinni *Harpan er mín hugarbót*. Í þeirri grein segir meðal annars: „Vilborg hefur verið sjálfri sér samkvæm frá fyrstu tíð. Hún vísar í ýmsar bókmenntir, ekki síst Biblíuna, og víst þurfa lesendur að kunna nokkur skil á þeirri bók til þess að lesa á milli lína.“



Með Vilborgu í för þennan dag voru þau Þorleifur Hauksson rithöfundur, sem talaði um Vilborgu, en hann hefur skráð líffsögu hennar og skáldið Gerður Kristný sem flutti eigið ljóð um Vilborgu.

**KRONAN**  
- fyrst og fremst ódýr!

Jólagjöf sem lætur  
gott af sér leiða



Af hverju seldu  
korti renna 5% til  
góðgerðamála\*

Þantaðu gjafakortið á [kronan.is/gjafakort](http://kronan.is/gjafakort)

\*Gildir til 30. nóvember

## Tryggðarjól

Ef að sós-an klúðr-ast mass-íft, ef ég syk-ur-stjarf-a fæ. Ef við  
syngj-um vit-laust lag við „þá er há-tíð var í bæ“ Ef að  
jól - a - tré-ð fell - ur, ef það flæð - ir bað - inu' úr. Ef við  
finn - um mat - ar - leif - ar frá í fyrr - a út - í skúr. Ef ég  
gleym - i ó-vart kert - i, ef það kvíkn - ar í frá því. Ef að  
Kert - a - sník - ir fest - ist síð-an ó - vart strompn-um í. Ef ég  
gleyp - i kon-fekt-mol - a, ef ég gat - a nýj - an kjól. Ef ég  
gleym - i al - ger - leg - a að það eru - að kom - a jól.

### Það verður allt í góðu lagi

Starfsfólk TM óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi árum.

Hvað sem verður... þá er betra að vera í hópi ánægðra viðskiptavina TM.

